

Gistiskýrslur 2007

Tourist Accommodation 2007

Samantekt

Heildarfjöldi gistinátta var 2,6 milljónir árið 2007 sem er um 7,6% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði frá árinu 2006 á hótelum og gistiheimilum um 10,9%, 10,6% á farfuglaheimilum og 1,0% á tjaldsvæðum. Fækkun gistinátta var 16,4% á svefnpokagististöðum, 6,8% á heimagististöðum, 6,5% í orlofs-húsabyggðum og 3,2% í skálum í óbyggðum.

Aukningin var hlutfallslega mest á Vesturlandi og nam 17%. Á Vestfjörðum fjölgaði gistinóttum um 13,7%, á höfuðborgarsvæðinu um 12,4%, á Suðurlandi um 5,2%, á Suðurnesjum um 4% og á Austfjörðum um 1,7%. Fækkun gistinátta á Norðurlandi eystra var um 1,3% og á Norðurlandi vestra um 0,1%.

Inngangur

Gistiskýrslur 2007 er fimmtánda rit Hagstofu Íslands um niðurstöður talningar á gistinóttum og gestakomum á gististöðum í landinu. Hagstofan hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistirými og fjölda gistinátta í júní 1984. Öflun gagna tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinátta í því skyni að kanna meðallengd dvalar á gististað.

Niðurstöður

Hér á eftir eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðernum gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir á hvoru svæði um sig til að unnt sé að birta tölur.

Meginefni þessa rits er gistináttatalningin en auk þess er í töflu 23 birt yfirlit yfir gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum og útgjöld Íslendinga erlendis 1995–2007. Töflurnar ná sumar hverjar aftur til ársins 2003 en ýtarlegra talnaefni er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is.



Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 7,6%

Heildarfjöldi gistinátta var 2.644.745 árið 2007 sem er 7,6% aukning frá árinu á undan, en þá voru þær 2.457.068. Gistinætur Íslendinga voru 776.572 (5,2% aukning) og útlendinga 1.868.173 (8,7%), en gistinætur útlendinga voru 70,7% af heildarfjölda gistinátta árið 2007. Fjölgun gistinátta nær til allra þjóðerna nema annarra Asíulanda, Eyjaálfa, Japana, Bandaríkjamanna og Dana. Mest aukning varð á gistinóttum Kanadamanna (61,1%), Belga (31,3%), Hollendinga (21,9%) og Íra (20,9%). Enn er þó nokkur fjölgun í flokknum „þjóðerni óþekkt“, eða um 30,4%. Þar sem nú er hægt að flokka alla gesti eftir þjóðerni eða svæðum bendir þessi niðurstaða til að útfylling skýrslna eftir þjóðerni gesta sé ábótavant.

Gistinóttum fjölgaði á flestum landsvæðum

Gistinóttum fjölgaði í flestum landshlutum árið 2007. Aukningin var mest á Vesturlandi eða 17%. Á Vestfjörðum nam fjölgunin 13,7%, á höfuðborgarsvæðinu 12,4%, á Suðurlandi 5,2%, á Suðurnesjum 4% og á Austurlandi 1,7%. Á Norðurlandi eystra fækkaði gistinóttum um 1,7% og á Norðurlandi vestra um 0,1%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 5,2% milli ára og gistinóttum útlendinga um 8,7% (sjá töflu 4, bls. 17).

Tafla 1. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2007


Table 1. Number of overnight stays by type of accommodation 2007

Gistinætur Overnight stays	Total	Íslendingar Icelanders	Útlendingar Foreigners
Allar tegundir gististaða All accommodation establishments	2.644.745	776.572	1.868.173
Þar af Thereof			
Hótel og gistiheimili Hotels and guesthouses	1.916.579	436.554	1.480.025
Heimastistaðir Private home accommodation	42.691	12.848	29.843
Orlofshúsabyggðir Holiday centres	78.035	42.055	35.980
Farfuglaheimili Youth hostels	114.039	11.994	102.045
Svefnpokagististaðir Sleeping-bag facilities	28.473	10.443	18.030
Tjaldsvæði Camping sites	405.993	232.071	173.922
Skálar í óbyggðum Lodges in wilderness	58.935	30.607	28.328

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 10,9%, á farfuglaheimilum um 10,6%, á tjaldsvæðum um 1%. Fækkun gistinátta varð hjá svefnpokagististöðum um 16,4%, heimastistöðum um 6,8%, í orlofshúsabyggðum um 6,4% og hjá skálum í óbyggðum um 3,2% (sjá töflu 5, bls. 18).

Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2007

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2007



Translation: see summary 1.

Tafla 2. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2007


Table 2. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2007

	Alls Total	Íslendingar Icelanders	Útlendingar Foreigners
Alls Total	2.644.745	776.572	1.868.173
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.118.931	154.451	964.480
Suðurnes <i>Southwest</i>	79.326	29.118	50.208
Vesturland <i>West</i>	201.868	111.078	90.790
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	78.868	45.778	33.090
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	89.553	41.463	48.090
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	358.594	141.933	216.661
Austurland <i>East</i>	254.027	70.944	183.083
Suðurland <i>South</i>	463.578	181.807	281.771

72,5% gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2007 voru 72,5% gistinátta á hótélum og gistiheimilum og 15,4% á tjaldsvæðum. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár en þó virðist sem gestum fjölgi á hótélum og gistiheimilum á kostnað tjaldsvæða. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Greinilegur munur er á vali Íslendinga og útlendinga á gististöðum og áfangastöðum á ferðalögum. Til dæmis voru 56,2% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum árið 2007 en 79,2% gistinátta útlendinga. Hlutfall Íslendinga og útlendinga var svipað milli árána 2006 og 2007 á flestum tegundum gististaða. Mest er fækkun Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2007 ásamt minniháttar breytingum á öðrum tegundum gististaða að ótöldum gistinóttum hjá hótél og gistiheimilum (sjá töflur 6 og 7, bls. 19–20).

Mynd 2. Skipting gistinátta eftir tegund gististaða og ríkisfangi gesta 2007
 Figure 2. *Distribution of overnight stays by type of accommodation and citizenship of guests 2007*




Translation: see summary 1.

42,3% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2007 voru rúm 42% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu líkt og árin á undan. Rúmlega helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu en töluverður munur er þó á vali áfangastaðar eftir ríkisfangi. Norðurlandabúar taka höfuðborgarsvæðið fram yfir landsbyggðina, en 71,8% gistinátta þeirra eru þar. Aðrir Evrópubúar vorðu hins vegar aðeins 42% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu og kusu 18,1% þeirra að dvelja á Suðurlandi, 14,5% á Norðurlandi eystra og 12,2% á Austurlandi. Aðrar þjóðir vorðu 63,1% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 8, bls. 21).

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting gistinátta eftir landsvæði og ríkisfangi gesta 2007
 Figure 3. *Percent distribution of overnight stays by region and citizenship of guests 2007*



Translation: see summary 2.

Meðaldvalarlengd Meðaldvalarlengd hélst nánast óbreytt milli ára á öllum tegundum gististaða en meðaldvalarlengd 2007 var 1,7 nótt eins og verið hefur frá því að mælingar hófust fyrir 11 árum. Íslendingar lengdu dvöl sína að meðaltali um 0,2 nætur í orlofshúsa-byggðum og 0,1 nótt á heimagististöðum. Einnig stytta Íslendingar dvöl sína á svefnpokagististöðum um 0,2 nætur. Útlendingar stytta dvöl sína á farfuglaheimilum og svefnpokagististöðum um 0,1 nótt að meðaltali (sjá töflur 9 og 10, bls. 22–23).

Heildarfjöldi gistinátta nánast tvöfaldast á síðustu 10 árum

Töluverð aukning efur orðið á heildarfjölda gistinátta yfir nokkur ár. Árið 1997 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 1.438.763 en árið 2007 voru þær 2.644.745. Þetta er 83,8% aukning og jafngildir 6,3% árlegum meðalvexti. Á þessum tíma hafa gistinætur útlendinga ríflega tvöfaldast og gistinóttum Íslendinga fjölgað um 49%. Heildarfjöldi allra tegunda gististaða voru 707 árið 2007 en þeir voru 655 árið 1996.

Hótel og gistiheimili

10,9% fjölgun gistinátta á hótélum og gistiheimilum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 10,9% milli ára 2006 og 2007. Gistinætur voru 1.916.579 á árinu 2007 og fjölgaði því um tæp 189 þúsund milli ára. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 12,8% milli ára og gistinóttum útlendinga um 10,4%. Á þessum tíma hefur gistirými aukist enda þótt hótélum og gistiheimilum hafi fækkað. Herbergjum fjölgaði um 8,6% og rúmum um 9,4%. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 13,2%, einnig fjölgaði gistinóttum á landsbyggðinni um 8,3% milli ára.

Tafla 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2007

Table 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2007


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	1.916.579	436.554	1.480.025
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.037.103	149.367	887.736
Suðurnes <i>Southwest</i>	65.544	27.813	37.731
Vesturland <i>West</i>	111.262	41.460	69.802
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	45.191	20.361	24.830
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	44.275	17.182	27.093
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	214.313	72.915	141.398
Austurland <i>East</i>	157.708	31.764	125.944
Suðurland <i>South</i>	241.183	75.692	165.491

Aukning á öllum landsvæðum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum árið 2007 fjölgaði á öllum landsvæðum í samanburði við árið 2006. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest á Vestfjörðum, um 21,7%, og á Norðurlandi vestra, um 14,2%. Þá fjölgaði gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu um 13,2%, á Norðurlandi eystra um 10,4% og á Vesturlandi um 10%. Á þessum sama tíma nam aukningin 6,8% á Suðurlandi, 4,3% á Austurlandi og 2,8% á Suðurnesjum. Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2007 voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu, eða 54,1%. Af landsbyggðinni var hlutur Suðurlands stærstur, 12,6%, og þar á eftir var hlutur Norðurlands eystra, 11,2%. Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall gistinátta útlendinga vaxið með árunum og teljast nú gistinætur útlendinga vera 77,3% gistinátta í þessum flokki (sjá töflur 14 og 15, bls. 27–28).

Mynd 4. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2007


Figure 4. Distribution of overnight stays in hotels and guesthouses by region 2007



Translation: see summary 2.

Mynd 5. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir þjóðerni 2007

Figure 5. Distribution of overnight stays in hotels and guesthouses by citizenship 2007




Translation: see summary 2.

Svipuð nýting herbergja og rúma

Nýting herbergja og rúma var svipuð árið 2007 og 2006. Nýtingin yfir árið lækkaði lítillega og fór úr 47% í 46,7%. Nýting rúma breyttist ekkert milli ára og var 38%. Nýting herbergja batnaði frá janúar til og með júní á árinu 2007, en seinni hluta ársins minnkaði nýting herbergja. Ef litið er á nýtingu eftir landsvæðum má sjá að nýtingin batnaði langmest á Vestfjörðum, fór úr 26,4% í 31,1%. Herbergjanýtingin batnaði einnig á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Á öðrum landsvæðum dregst nýting herbergja saman milli ára (sjá töflur 13 og 14). Burtséð frá nýtingu fjölgaði gistinóttum alla mánuði ársins milli ára. Mest var fjölgunin fyrri hluta árs, í janúar (29,3%), maí (21,8%) og mars (19,2%). Sé litið aftur til ársins 2003 má sjá að gistinóttum í janúar hefur fjölgað um 72,7% yfir þetta tímabil og í desember um 58,1% (sjá töflu 15, bls. 28).

Mynd 6. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2007


Figure 6. Distribution of number of rooms in hotels and guesthouses by region 2007



Translation: see summary 2.

Mynd 7. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2007

Figure 7. Distribution of overnight stays in hotels and guesthouses by region 2007



Translation: see summary 2.

**Hótélum og gistiheimilum
fækkaði um 14**

Hótél og gistiheimili töldust vera 294 árið 2007 en 308 árið áður og fækkaði því um 14 milli ára. Á Norðurlandi eystra fækkaði gististöðum um níu, á Vesturlandi um tvo en einn á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Á öðrum landsvæðum stóð fjöldi gististaða í stað milli ára. Herbergjum á hótélum og gistiheimilum fjölg-
aði um 8,6% milli ára og rúmum um 9,4% (sjá töflu 11, bls. 24).

Heimtur um 95%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum sem hlutfall af gistirými hafa verið um og yfir 95% í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými er til fyrir alla staði sem tilheyra þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýma og skipting gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

Hvaða staðir flokkast sem hótel og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótel, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótel og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótel og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótelpjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Viðmiðun þessi er samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði. Um 72,5% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

Hótel


Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 12,4%

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótelum. Á hótelum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótelum voru góðar árið 2007 og með örfáum undantekningum voru 98% heimtur nánast alla mánuði ársins.

Gistinætur á hótelum árið 2007 voru 1.310.719 en 1.165.953 árið 2006, sem er 12,4% aukning milli ára. Fjölgunin á bæði við um gistinætur Íslendinga, en þeim fjölgaði um 19,1%, og útlendinga, sem fjölgaði um 10,6%. Gistinóttum á hótelum fjölgaði á öllum landsvæðum nema Austurlandi, þar fækkaði þeim um 1,8%. Mest var aukningin á Suðurlandi, um 17%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 13,8%. Á Norðurlandi eystra og vestra nam fjölgun gistinátta 13,1% og á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða nam hún 3,1%. Á sama tíma fjölgaði hótelum um 2,6% á landsvísu, eða um tvö hótel. Herbergjafjöldi jókst um 19% og rúmafjöldi um 20,5% milli ára. Hótelum sem opin voru allt árið fækkaði um eitt á Austurlandi. Á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fjölgaði um eitt hótel. Einnig bættist við eitt hótel á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 13, bls. 26).

Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2007


Figure 8. Distribution of number of rooms in hotels by region 2007



Translation: see summary 2.

Mynd 9. Fjöldi gistinátta á hótélum eftir landsvæðum 2007

Figure 9. Distribution of overnight stays in hotels by region 2007




Translation: see summary 2.

Heimagististaðir

Heimtur gistiskýrslna frá heimagististöðum voru ágætar árið 2007, en Hagstofunni bárust skýrslur frá 110 stöðum af 128. Heildargistirými er alls staðar þekkt og því hefur fjöldi gistinátta verið áætlaður fyrir þá staði sem ekki hafa skilað skýrslum, en áætlaðar tölur ná yfir 13,2% af heildargistináttafjöldanum.

Mynd 10. Gistinætur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2007

Figure 10. Overnight stays in private-home accommodation by region 2007



Fækkun gistinátta um 6,8% á heimagististöðum

Gistinætur á heimagististöðum árið 2007 voru 42.691 en 45.822 árið 2006, sem er 6,8% fækkun gistinátta milli ára. Fjölgun gistinátta átti sér stað á Austurlandi (8,5%), á Norðurlandi eystra (2,5%) og á Norðurlandi vestra (2,1%). Fækkun gistinátta nam 21,7% á höfuðborgarsvæðinu, 16,1% á Suðurlandi, 2,9% á Vesturlandi og 2,9% á Vestfirðum. Fækkun gistinátta nam alls 6,8% milli árána 2006 og 2007 og nær bæði til útlendinga (4,9%) og Íslendinga (10,9%). Gistirými í flokki heimagististaða dróst saman milli ára og fækkaði gististöðum úr 139 í 128 og rúmum úr 1105 í 1047, eða 5,2% (sjá töflu 17, bls. 29).

Hvaða staðir flokkast sem heimagististaðir?

Fram til ársins 1995 var hluti heimagististaða kallaður *bændagististaðir* en var þá skipt annars vegar í hótél eða gistiheimili og hins vegar heimagististaði. Fyrirverandi bændagististaðir, sem náðu tilgreindum viðmiðunarmörkum árið 1995, flokkast nú sem hótél eða gistiheimili, hinir urðu heimagististaðir. Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum hvort sem er í kaupstöðum eða á sveitabýlum. Bændur eru ósjaldan með eitt til tvö sumarhús að auki og þar sem erfitt hefur reynst að fá þessa gistingu nákvæmlega aðgreinda frá hefðbundinni heimagistingu er sú gisting talin með heimagistingunni. Leigi bændur sumarhús sín stéttar- eða starfsmannafélögum er sú gisting ekki meðtalin hér. Ef um er að ræða þrjú eða fleiri sumarhús eða smáhýsi flokkast gististaðurinn með orlofshúsabyggingum.


Orlofshúsabyggðir

6,4% fækkun gistinátta í orlofshúsabyggðum

Gistinætur í orlofshúsabyggðum voru 78.035 árið 2007 en 83.411 árið áður, sem er 6,4% samdráttur milli ára. Þá fækkaði gistinóttum útlendinga um 9,1% en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 4,1%. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi. Hlutfallslega var aukningin mest á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða, 11,2%, á Austurlandi 10,5%, Suðurlandi 5,8%. Þá fækkaði gistinóttum um 52,6% á Norðurlandi vestra og um 6,4% á Suðurlandi. Orlofshúsabyggðir voru 30 árið 2007 en árið áður 32. Heimtur gistiskýrslna frá orlofshúsabyggðum voru góðar og nema áætlaðar tölur 4,8% af heildargistináttafjöldanum árið 2007 (sjá töflu 18, bls. 30).

Mynd 11. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2007

Figure 11. Overnight stays in holiday centres by region 2007



Translation: see summary 2.

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur húsum. Umfang orlofshúsagistingar er mun meira en heimagistingar þegar þessar tvær tegundir gistingar eru reknar samhliða. Hér er einungis átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki t.d. sumarhús stéttar- og starfsmannafélaga. Ekki er auðvelt fyrir gististaðaeigendur að fylgjast nákvæmlega með fjölda gesta í sumarhúsunum. Oftast er hægt að fylgjast með fjölda gesta þegar útlendingar eiga í hlut en það er erfiðara með Íslendinga. Umsjónarmönnum hefur því verið bent á að þegar tala gesta er mjög á reiki skuli taka mið af skráðu gistirými hússins. Gistinætur í húsi með gistirými fyrir fjóra í eina nótt teljast því fjórar. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 10,6% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 114.039 árið 2007, sem er 10,6% aukning milli ára, en gistinæturnar voru 103.069 árið á undan. Stærstur hluti gistinátta á farfuglaheimilum hefur ævinlega verið vegna útlendinga og svo var einnig árið 2007 eða 89,5%. Gistinóttum á farfuglaheimilum fjölgaði á öllum landsvæðum. Mest var fjölgun gistinátta á Suðurlandi (34,9%) og á Norðurlandi vestra og eystra (19,4%). Farfuglaheimili eru fá og eru því birtar samandregnar niðurstöður fyrir höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði í heild og nam fjölgunin þar 1,8%. Fjölgun gistinátta á Austurlandi nam 0,7% (sjá töflu 19, bls. 31).

98% heimtur gistiskýrslna árið 2007 hjá farfuglaheimilum


Farfuglaheimili voru 24 á landinu með starfsemi árið 2007, en það er sami fjöldi og árið áður. Rúmum fjölgaði um 12,4%, úr 905 árið 2006 í 1017 árið 2007. Hagstofunni bárust upplýsingar um gistinætur frá öllum farfuglaheimilum árið 2007 og nema áætlaðar tölur aðeins um 2% af heildarfjölda gistinátta í þessum flokki.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða gistingu í rúmum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefnpoka. Öll farfuglaheimili eru í Bandalagi íslenskra farfugla sem á aðild að Alþjóða-samtökum farfugla (IYHF).

Mynd 12. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2007

Figure 12. Overnight stays in youth hostels by region 2007



Translation: see summary 2.

Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fækkar um 16,4% á svefnpokagististaðum

Gistinætur á svefnpokagististaðum voru 28.473 árið 2007 en 34.048 árið áður og fækkaði því um 16,4% milli ára. Gistinóttum fækkaði á öllum landshlutum. Hlutfallslega var mest fækkun á Vestfjörðum eða um 53,9%, á Norðurlandi vestra 35,4% og á Suðurlandi 35,1%. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi samanlögðu fækkaði um 6,5%, 4% á Norðurlandi eystra og 0,5% á Austurlandi (sjá töflu 20, bls. 32).

Útlendingum og Íslendingum fækkar

Gistinóttum útlendinga fækkaði um 17,3% milli ára rétt eins og gistinóttum Íslendinga sem fækkaði um 14,7%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 50 árið 2007 eða þremur fleiri en árið 2006. Með þó nokkrum eftirrekstri fengust upplýsingar frá


nokkrum stöðum og nema áætlaðar tölur um 48% af heildarfjölda gistinátta á svefnpokagististöðum.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólföldnum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppþúnum rúmum gistiheimilanna. Víða er boðin svefnpokagisting í tengslum við niðjamót, skólaferðalög og íþróttamót. Þegar um niðjamót er að ræða er gjaldtaka sjaldnast í beinum tengslum við fjölda gesta, heldur eru húsin/salirnir leigðir út gegn föstu gjaldi og geta gestir þá valið um hvort þeir gista inni eða í tjaldi. Í þessum tilvikum hefur verið gefinn upp fjöldi gesta á mótinu þannig að tjaldgisting í tengslum við ættarmót er innifalin í svefnpokagistingunni eða öfugt. Þetta á sérstaklega við um Suðurland þar sem mikið er um ættarsamkomur. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðsla er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

Mynd 13. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2007

Figure 13. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2007



Translation: see summary 2.

Tjaldsvæði

Gistinóttum fjölgað um 1%

Gistinætur á tjaldsvæðum á landinu voru 405.993 árið 2007 en voru 401.855 árið 2006, því er aukningin 1% milli ára. Fjölgun gistinátta er eingöngu vegna útlendinga, 8,6%, en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 4%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði í öllum landshlutum nema Norðurlandi eystra, þar nam samdrátturinn um 22,6% og á Austurlandi um 3,4%. Hlutfallslega var mest aukning á Vesturlandi, 34,3%, og á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, 14,5%. Gistinóttum fjölgaði um 9,8% á Vestfirðum, 6,9% á Suðurlandi og 5,8% á Norðurlandi vestra.


Fjöldi tjaldsvæða í ár er sá sami og árið 2006 eða um 140. Tjaldsvæðum fjölgaði um tvö á Suðurlandi. Á Vesturlandi og á Norðurlandi eystra fækkaði um eitt tjaldsvæði. Á öðrum landsvæðum stóð fjöldi tjaldsvæða í stað (sjá töflu 21, bls. 33).

Langflest tjaldsvæði skila inn gistiskýrslum

Heimtur gistiskýrslna frá tjaldsvæðum árið 2007 voru mjög góðar. Af 140 tjaldsvæðum vantaði upplýsingar frá 12 svæðum og nemur hlutfall áætlaðra gistinátta 15,6% af heildargistinóttum á tjaldsvæðum árið 2007. Til þessa flokks gististaða teljast öll þau tjaldsvæði sem taka gjald fyrir gistingu.

Mynd 14. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2007

Figure 14. Overnight stays in camping sites by region 2007



Skálar í óbyggðum

Gistinóttum fækkar um 3,2%

Gistinóttum í skálum í óbyggðum fækkaði um 3,2% milli ára, úr 60.893 árið 2006 í 58.953 árið 2007. Fækkunin nær eingöngu til útlendinga, 10%, en Íslendingum fjölgaði um 4% milli ára. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálar landsins eru, nam aukning gistinátta 1,3%.

Skýrslur bárust frá flestum skálum


Skálar í óbyggðum voru 41 árið 2007 eða þremur færri en árið 2006 og bárust Hagstofunni skýrslur frá flestum skálum. Af þessum skálum voru 23 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast þeir gistiskálar sem taka gjald fyrir gistingu.

Fækkun gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði í skálum og á tjaldsvæðum, voru 91.889 árið 2007 en 94.827 árið 2006. Þessi fækkun milli ára nemur 3,2% og má aðallega rekja hana til útlendinga, 5,1% (sjá töflu 22, bls. 34).

Mynd 15. Gistinætur í skálum og tjaldsvæðum í óbyggðum 2006–2007

Figure 15. Overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2006–2007



Um skýrslugerðina

Upplýsingaöflunin

Upplýsingaöflun Hagstofunnar fer þannig fram að glististöðum og öllum þeim sem selja glistiþjónustu eru send skýrslueyðublöð til útfyllingar en á þau skal færa fjölda gesta og glistinátta sundurliðaðan eftir ríkisfangslandi. Löndin eru auk Íslands 14 Evrópulönd, þaðan sem flestir ferðamenn koma, svo og Bandaríkin, Kanada og Japan. Til að fá nánari sundurliðun gesta eftir þjóðerni bættust við fjórir flokkar árið 2005 og um leið féll flokkurinn Öll önnur lönd út. Þeir eru: Mið- og Suður-Ameríka, Kína, önnur Asíulönd, Afríka og Eyjaálfa. Aðrir flokkar eru þá önnur Evrópulönd og þjóðerni óþekkt. Þess má geta að glistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Glistiskýrslum ber að skila inn mánaðarlega og þá í upphafi hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um glistinætur á hótelum en ekki fyrir aðra flokka glististaða.

Heimtur

Skýrsluskil hafa verið góð frá öllum tegundum glististaða að undanskildum hótelum, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Eigendur nýrra glististaða eru þó greinilega vel upplýstir um mikilvægi gagnasöfnunarinnar því að frá þeim hafa glistiskýrslur oftast borist fljótt og vel. Þess má geta að um 7,3% af heildarfjölda glistinátta árið 2007 var áætlaður en 4,6% árið 2006. Suðurnesjamenn (14 glististaðir) stóðu sig hvað best í skýrsluskilum því að aðeins 1,6% af heildargistinóttum hjá þeim voru áætlaðar árið 2007. Á höfuðborgarsvæðinu voru 92 glististaðir starfandi og eru áætlaðar tölur tæplega 1,9% af heildarglistináttafjölda árið 2007. Skýrsluskil á Norðurlandi eystra (106 glististaðir) voru einnig afburðagóð en áætlaðar tölur voru aðeins 4% af heildarfjölda á síðasta ári. Á Norðurlandi vestra (67 glististaðir) voru 9,5% af heildarglistinóttum áætlaðar. Á Austurlandi (91 glististaður) og Suðurlandi (179 glististaðir) voru áætlaðar tölur um 13,2% af heildarglistináttafjölda á báðum landsvæðum. Á Vesturlandi voru starfandi 77 glististaðir árið 2007 og af heildarglistinóttum voru 13,9% þeirra áætlaðar. Glististaðir á Vestfjörðum stóðu sig síst í skilum á glistiskýrslum og námu áætlaðar tölur rúmum 14,2% af heildarfjölda glistinátta á síðasta ári, en starfandi glististaðir þar voru 80.

Trúnaður Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Áætlanir Árið 1996 var í fyrsta skipti, samkvæmt öruggum heimildum, hægt að áætla heildarfjölda gistinátta fyrir allar tegundir gistingar. Áætlun á fjölda gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggð á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótelum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum, eðli málsins samkvæmt. Áætlun um gistingu á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við þá sem selja gistingu í félagsheimilum og skólum, ferðamálafulltrúum, aðra starfsmenn sveitarfélaga og fleiri. Einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru til. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru eins og áætlanir fyrir svefnpokagististaði, mest byggðar á samtölum við þá sem tengjast ferðapjónustunni, en einnig er stuðst við eldri gögn ef þau eru til. Heimtur skýrslna hafa batnað á síðastliðnum árum en það hefur leitt af sér nákvæmari gagnaúrvinnslu á skemmri tíma. Einungis 7,3% af heildarfjölda gistinátta er áætlaður.

Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2006–2007
 Table 4. Available accommodation and overnight stays in all types of acc. establishments by region 2006–2007

	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
2006	734	2.457.068	737.928	1.719.140
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	96	995.387	117.095	878.292
Suðurnes <i>Southwest</i>	14	76.306	25.572	50.734
Vesturland <i>West</i>	81	172.582	95.895	76.687
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	78	69.364	43.650	25.714
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	67	89.612	45.857	43.755
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	123	363.208	157.135	206.073
Austurland <i>East</i>	96	249.828	82.288	167.540
Suðurland <i>South</i>	179	440.781	170.436	270.345
2007	707	2.644.745	776.572	1.868.173
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	92	1.118.931	154.451	964.480
Suðurnes <i>Southwest</i>	14	79.326	29.118	50.208
Vesturland <i>West</i>	77	201.868	111.078	90.790
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	80	78.868	45.778	33.090
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	66	89.553	41.463	48.090
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	106	358.594	141.933	216.661
Austurland <i>East</i>	91	254.027	70.944	183.083
Suðurland <i>South</i>	181	463.578	181.807	281.771
Breyting milli ára 2006–2007, %				
Change between 2006–2007, %	-3,7	7,6	5,2	8,7
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	-4,2	12,4	31,9	9,8
Suðurnes <i>Southwest</i>	0,0	4,0	13,9	-1,0
Vesturland <i>West</i>	-4,9	17,0	15,8	18,4
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	2,6	13,7	4,9	28,7
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	-1,5	-0,1	-9,6	9,9
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	-13,8	-1,3	-9,7	5,1
Austurland <i>East</i>	-5,2	1,7	-13,8	9,3
Suðurland <i>South</i>	1,1	5,2	6,7	4,2

Tafla 5. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2003–2007

Table 5. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2003–2007

	Gistinætur Overnight stays					Breyting milli ára, % Change between years, %	
	2003	2004	2005	2006	2007	2006–2007	2003–2007
Allar tegundir gististaða							
<i>All types of accommodation</i>	1.984.448	2.130.230	2.232.911	2.457.068	2.644.745	7,6	33,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	607.660	651.382	682.728	737.928	776.572	5,2	27,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.376.788	1.478.848	1.550.183	1.719.140	1.868.173	8,7	35,7
Hótel og gistiheimili							
<i>Hotels and guesthouses</i>	1.368.728	1.468.505	1.569.009	1.727.970	1.916.579	10,9	40,0
Íslendingar <i>Icelanders</i>	298.662	322.696	360.979	387.148	436.554	12,8	46,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.070.066	1.145.809	1.208.030	1.340.822	1.480.025	10,4	38,3
Heimagististaðir							
<i>Private-home accommodation</i>	40.368	47.587	43.703	45.822	42.691	-6,8	5,8
Íslendingar <i>Icelanders</i>	16.979	18.117	14.941	14.426	12.848	-10,9	-24,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	23.389	29.470	28.762	31.396	29.843	-5,0	27,6
Orlofshúsabyggðir							
<i>Holiday centres</i>	62.494	60.268	75.729	83.411	78.035	-6,5	24,9
Íslendingar <i>Icelanders</i>	37.385	31.712	41.070	43.836	42.055	-4,1	12,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	25.109	28.556	34.659	39.575	35.980	-9,1	43,3
Farfuglaheimili							
<i>Youth hostels</i>	86.350	92.336	92.548	103.069	114.039	10,6	32,1
Íslendingar <i>Icelanders</i>	8.936	8.808	8.593	9.178	11.994	30,7	34,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	77.414	83.528	83.955	93.891	102.045	8,7	31,8
Svefnpokagististaðir							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	28.113	31.533	30.463	34.048	28.473	-16,4	1,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	10.935	13.565	13.864	12.239	10.443	-14,7	-4,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	17.178	17.968	16.599	21.809	18.030	-17,3	5,0
Tjaldsvæði							
<i>Camping sites</i>	341.968	374.748	364.357	401.855	405.993	1,0	18,7
Íslendingar <i>Icelanders</i>	206.326	228.968	215.551	241.676	232.071	-4,0	12,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	135.642	145.780	148.806	160.179	173.922	8,6	28,2
Skálar í óbyggðum							
<i>Lodges in the wilderness</i>	56.427	55.253	57.102	60.893	58.935	-3,2	4,4
Íslendingar <i>Icelanders</i>	28.437	27.516	27.730	29.425	30.607	4,0	7,6
Útlendingar <i>Foreigners</i>	27.990	27.737	29.372	31.468	28.328	-10,0	1,2

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2003–2007

Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2003–2007

	2003	2004	2005	2006	2007	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2006–2007	2003–2007
Heildarfjöldi gistinátta							
Total number of overnight stays	1.984.448	2.130.230	2.232.911	2.457.068	2.644.745	7,6	33,3
Íslendingar <i>Iceland</i>	607.660	651.382	682.728	737.928	776.572	5,2	27,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.376.788	1.478.848	1.550.183	1.719.140	1.868.173	8,7	35,7
Danmörk <i>Denmark</i>	81.102	92.068	101.947	112.640	110.950	-1,5	36,8
Svíþjóð <i>Sweden</i>	78.549	86.934	98.414	88.805	103.275	16,3	31,5
Noregur <i>Norway</i>	73.613	78.520	75.812	80.773	87.256	8,0	18,5
Finnland <i>Finland</i>	20.937	22.885	27.909	27.404	30.437	11,1	45,4
Bretland <i>U.K.</i>	195.077	209.254	206.640	246.590	268.044	8,7	37,4
Írland <i>Ireland</i>	7.047	8.752	8.900	9.427	11.394	20,9	61,7
Þýskaland <i>Germany</i>	262.218	271.919	274.234	286.728	298.847	4,2	14,0
Holland <i>Netherlands</i>	70.568	66.691	71.772	82.525	100.605	21,9	42,6
Belgía <i>Belgium</i>	13.904	17.665	18.917	17.742	23.289	31,3	67,5
Frakkland <i>France</i>	127.889	131.787	127.517	132.808	134.078	1,0	4,8
Sviss <i>Switzerland</i>	46.114	55.302	48.381	50.565	56.404	11,6	22,3
Austurríki <i>Austria</i>	19.473	22.827	23.097	22.368	25.290	13,1	29,9
Ítalía <i>Italy</i>	63.007	65.094	64.785	69.353	74.402	7,3	18,1
Spánn <i>Spain</i>	31.809	37.844	42.806	56.223	62.800	11,7	97,4
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	38.899	62.586	61.537	86.145	97.122	12,7	149,7
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	127.686	136.569	156.806	154.760	148.652	-4,0	16,4
Kanada <i>Canada</i>	15.782	14.113	12.309	15.329	24.688	61,1	56,4
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	2.555,0	3.263	3.520	7,9	..
Japan <i>Japan</i>	16.746	18.639	25.267	23.131	21.207	-8,3	26,6
Kína <i>China</i>	11.506	14.646	16.751	14,4	..
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	10.720	13.399	11.739	-12,4	..
Afríka <i>Africa</i>	2.403	2.990	3.121	4,4	..
Eyjaálfa <i>Australia</i>	8.035	9.877	8.666	-12,3	..
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	86.368	79.399	67.914	111.649	145.636	30,4	68,6
Heildarfjöldi gestakoma							
Total number of arrivals	1.167.389	1.248.108	1.303.292	1.436.505	1.544.273	7,5	32,3
Íslendingar <i>Iceland</i>	396.066	411.878	431.891	465.684	490.257	5,3	23,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	771.323	836.230	871.401	970.821	1.054.016	8,6	36,7
Danmörk <i>Denmark</i>	41.588	49.242	53.917	60.074	57.923	-3,6	39,3
Svíþjóð <i>Sweden</i>	34.357	37.779	41.680	38.736	46.031	18,8	34,0
Noregur <i>Norway</i>	32.589	34.230	33.030	35.750	38.880	8,8	19,3
Finnland <i>Finland</i>	7.536	9.624	11.149	10.876	13.341	22,7	77,0
Bretland <i>U.K.</i>	89.621	98.489	98.316	116.387	128.158	10,1	43,0
Írland <i>Ireland</i>	3.178	3.917	4.514	4.847	5.754	18,7	81,1
Þýskaland <i>Germany</i>	159.712	164.304	167.228	174.701	182.414	4,4	14,2
Holland <i>Netherlands</i>	41.855	42.117	44.990	52.177	65.346	25,2	56,1
Belgía <i>Belgium</i>	8.974	11.049	12.159	11.850	15.995	35,0	78,2
Frakkland <i>France</i>	90.536	94.817	88.972	97.068	97.533	0,5	7,7
Sviss <i>Switzerland</i>	28.569	35.354	31.709	31.039	35.700	15,0	25,0
Austurríki <i>Austria</i>	13.243	15.770	16.111	15.828	17.524	10,7	32,3

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinguátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2003–2007 (frh.)
 Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2003–2007 (cont.)

